

apríl/maí 1983

Fréttabréf frá Kvennalistanum

Komið þið heilar og sælar.

Innilega til hamingju með glæsilegan árangur í kosningunum og bökk sé öllum heim mörgu höndum sem lögðust á plóginn og gerðu sigurinn mögulegan. Þótt kosningarnar séu um garð gengnar erum við engan veginn komnar í frí. Það er margt sem gera þarf. Fyrst og fremst þurfum við að taka hina hagsýnu húsmóður okkur til fyrirmyndar og ná endunum saman. Skuldir eru nokkrar, en ef við leggjumst allar á eitt verða þær greiddar áður en langt um líður. Þær sem hafa einhverja peninga undir höndum fyrir harðfisksölu, happdrættismiða eða annað eru vinsamlegast beðnar að gera skil sem fyrst. Það má minna á að ekki verður dregið í happdrættinu fyrr en í júlí og því er enn hægt að selja mikið af miðum.

Við verðum enn um sinn á Hverfisgötunni og þar verður opið eftir hádegi, en okkur vantar starfsmann hálfan daginn. Upplýsingar veitir framkvæmdanefnd eða sá sem verður á skrifstofunni á næstunni.

Félagsfundur verður fimmtudagskvöldið 5. maí kl. 20.30 á Hverfisgötu 50. Þar verður spjallað um framtíðina og væntanlega liggja þá fyrir einhverjar fréttir af stjórnarmyndun.

Hvernig er það eigum við ekki að efna til sigurbátíðar? Ræðum það á félagsfundinum. Þá hefur komið ósk frá Kvennalistanum í Norðurlandskjördæmi eystra um ráðstefnuhelgi í lok maí, við verðum að kanna það mál og undirbúa vel.

Alla síðustu viku voru fundir kl. 5 til að fylgjast með því sem var að gerast í stjórnmalunum og fyrstu skerfum bingkvennanna okkar á þeirri braut. Væntanlega halda þeir fundir áfram og við hvetjum ykkur til að koma og fylgjast með, það er betra að fá sannar fregnir heldur en að byggja á fjölmiðlum sem oft gera úlfalda úr mýflugu. Nú þá er aldrei að vita nema aðrar kosningar verði innan nokkurra vikna og þá hefst slagurinn að nýju.

Sem sagt: Félagssfundur á fimmtudag og hjálpuðst að við að ná inn fyrir skuldunum.

Ástarkveðja frá framkvæmdanefnd

- Í framkvæmdanefnd eru:
- Kristín Jónsdóttir
- Kristín Einarisdóttir
- Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir
- Kristín Blöndal
- Sigríður Angantýsdóttir
- Helga Jóhannsdóttir